

SKÝRSLA STARFSHÓPS

YFIRLIT OG TILLÖGUR
AÐ NÁMSEFNI FYRIR
NEMENDUR MEÐ ÍSLENSKU
SEM ANNAÐ TUNGUMÁL



MENNTAMÁLASTOFNUN

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fundir starfshóps	2
Skólaheimsóknir og ráðstefnur	3
Pisa, aðalnámskrá og skóli án aðgreiningar	5
Mat á námsefni sem ætlað er fyrir ísl2 nemendur	6
Mat á námsefni sem nýtist ísl2 nemendum	8
Mat á erlendu námsefni	8
Niðurstöður	10

Inngangur

Starfshópur var settur á laggirnar í apríl 2016 til að vera ráðgefandi í tengslum við val á gerð og útfærslu efnis til kennslu í faginu íslenska sem annað tungumál (ísl2). Sem stendur er enginn starfandi ritstjóri í þessu fagi en Elín Lilja Jónasdóttir, ritstjóri í íslensku á yngsta stigi, kallaði saman hóp fagfólks og fékk til liðs við sig Örnú Guðríði Skagfjörð Sigurðardóttur ritstjóra í upplýsingamennt. Höfðu þær umsjón með verkefninu og tóku saman niðurstöður starfshópsins. Auk þess fóru þær í skólaheimsóknir, sóttu ráðstefnur um kennslu ísl2 nemenda og ræddu við kennara sem koma að kennslu ísl2 barna.

Starfshópurinn skipaðu:

Emilia Mlynska kennsluráðgjafi barna af erlendum uppruna hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Hulda Karen Daníelsdóttir kennsluráðgjafi og verkefnastjóri hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.

Krístúrún Sigurjónsdóttir deildarstjóri móttökudeildar í Lækjarskóla.

Sigríður Ólafsdóttir Menntavísindasviði HÍ.

Verkefni starfshópsins voru eftirfarandi:

1. Skoða það námsefni sem er til fyrir ísl2 nemendur:

- Er efnið í samræmi við *Aðalnámsskrá grunnskóla 2011*?
- Hvernig nýtist efnið til kennslu?
- Hvað er gott, hvað vantar upp á?
- Mætti bæta einhverju við efnið eða útfæra það betur?
- Ætti að halda áfram að gefa efnið út og endurnýja höfundasamninga?

2. Skoða námsefni frá erlendum forlögum með það í huga að fá hugmyndir að góðu efni, velta einnig fyrir sér hvort ástæða sé til að láta þýða efnið. (Gyldendal, Liber, Natur og Kultur, Cappelen Damm, Skolverket)

3. Koma með tillögur að nýju námsefni sem á að taka til útgáfu:

- Fyrir hvaða aldurshóp?
- Frumsamið efni eða aðkeypt og þýtt?
- Hvers konar form á að vera á efninu? (Þemahefti, textabók, vinnubók, kennsluleiðbeiningar, hlustunarefni, vefefni, annað?)
- Hver eru áhugaverð og gagnleg þemu sem ætti að fjalla um í námsefninu?

Fundir starfshóps

Á starfstímanum frá maí til nóvember voru haldnir þrjú fundir.

Á fyrsta fundi 2. maí var farið yfir skipulag starfsins framundan, námsefni sem MMS gefur út skoðað og rætt um kosti þess og galla. Námsefninu var skipt á milli meðlima starfshópsins sem tóku það með sér heim til frekari skoðunar. Hver og ein skilaði síðan stutttri greinargerð um efnið út frá spurningum í 1. lið hér að framan. Á fundinum kom fram nauðsyn þess að gefa út hugtaka-/orðalista í tengslum við hverja námsgrein. Einnig kom fram mikilvægi þess að hugsa nýtt námsefni út frá kennsluháttum og hafa í huga breytt skólaumhverfi þar sem ísl2 nemendur eru að mestum hluta inni í almennum bekkjum.

Á öðrum fundi 23. ágúst kynnti Sigríður Ólafsdóttir hollenskan námsvef www.zinintaal.nl/Zin-in-taal-Nieuw.htm. Umræður voru um umsagnir starfshópsins á námsgögnum MMS og námsefni frá nokkrum norrænum forlögum skoðað. Krístrún og Emilia skiptu með sér erlenda námsefninu í þeim tilgangi að skoða það. Þær skiluðu síðan greinargerð um gæði þess og mátu hvort við gátum nýtt okkur hugmyndir að útfærslu eða e.t.v. látið þýða efnið. Á fundinum var almenn umræða um námsefni:

1. Að mati fundarmanna er gott byrjendaefni fyrir mið- og unglíngastig mest aðkallandi.
2. Hliðarefni/vefefni vantar við það námsefni sem verið er að kenna nú þegar.
3. Leggja þarf áherslu á hugtök þvert á greinar – hærra stígs orðaforða (sjá Beck, Mckeown og Kucan, 2002).
4. Flokka þarf efnið okkar á MMS betur eftir þyngdarstigi og aldri nemenda.
5. Vantar orðalista/hugtakalista með almennum námsefni.
6. Hafa mætti orðabók með námsbókum okkar með lykilhugtökum.
7. Vantar þemahefti með kennsluleiðbeiningum.
8. Huga þarf að námsmati/símati/sjálfsmati með námsefni.
Mat í loka eininga/kafla.

Á þriðja fundi 28. október var námsefni frá forlögum í Noregi og Svíþjóð skoðað. Var það álit fundarmanna að efninu svipaði að mörgu leyti til efnis sem MMS gefur út, ekki talið til þess fallið að þýða en nýta mætti hugmyndir og uppsetningu. Á fundinum kom fram nauðsyn þess að gefa út handbók fyrir kennara sem taka á móti ísl2 nemendum í almennum bekk. Í því sambandi var nefnd handbók eftir Birnu Arnbjörnsdóttur, *Íslenska sem annað tungumál*, bók sem kom út árið 2000 en er búið að afskrifa hjá MMS. Í nýrri handbók mættu vera nákvæmari leið-

beiningar fyrir hinn almenna kennara, dag frá degi. Einnig var rætt um mikilvægi þess að auka vægi ritunar og tengja hana við umfjöllunarefni námsefnis, ásamt tillögum að námsmati/símati með efninu.

Skólaheimsóknir og ráðstefnur

Í byrjun apríl var rætt við kennara í móttökudeild Lækjarskóla í Hafnarfirði: Kistrúnu Sigurjónsdóttur deildarstjóra, Guðbjörgu Þórarinsdóttur, Renötu Agnesi Edwardsdóttur og Þórdísi Helgu Sveinsdóttur. Rætt var um námsefni fyrir ísl2 nemendur, hvernig námsefnið sem til er nýtist og þörfina fyrir nýtt námsefni. Við móttökudeildina starfa fjórir kennarar auk deildarstjóra og kennara í pólsku en deildin hefur starfað síðan árið 2002.

Deildinni er ætlað að taka á móti öllum nemendum í 5.–10. bekk í Hafnarfirði sem eru nýkomnir til landsins og hafa enga færni í íslensku. Nemendur í 1.–4. bekk fara beint inn í almennan bekk en fá auk þess aðstoð í íslensku utan skóla-tíma. Miðað er við að nemendur séu einn vetur í deildinni en hvert tilfelli fyrir sig er þó metið. Markmiðið með námi í móttökudeild er að auka þjónustu við nýja ísl2 nemendur og búa þá undir nám í sínum heimaskóla. Áhersla er lögð á mark-vissa kennslu í faginu íslenska sem annað mál, stuðning við móðurmál nemenda, kennslu í námstækni og menningarfærni og aðstoð við aðlögun að íslensku sam-félagi. Deildin er þjónustuúrræði við erlenda nemendur og það er alltaf val for-eldra hvort börn þeirra stunda nám í deildinni eða fara beint í sína heimaskóla.

Á fundinum í Lækjarskóla kom einnig fram að það vanti léttlestrarefni, lesefni um daglegt líf og grunnefni í stærðfræði fyrir unglunga þar sem farið væri vel í helstu hugtök stærðfræðinnar. Einnig vanti efni um námstækni, í lífsleikni svo og leiðandi kennsluefni í ritun – setningaskipan og orðaforða. Heildstætt þematengt námsefni væri æskilegt þar sem unnið væri með orðaforða og lesskilning og lögð áhersla á samræður.

Margt efni reyndist vel t.d. ísl2 námsefnið *Kæra dagbók* og *Hitt og þetta*, einnig námsbækurnar *Lesrún* og *Ritrún* en þær eru þó ekki samdar sér-staklega fyrir ísl2 nemendur. Þá kom einnig fram að bækurnar um Rut (les-bók+vinnubók) eftir Arnheiði Borg (n.k. lífsleiknibækur – framkoma, hegð-un o.fl.) hafi nýst vel (höfundur gefur þær út sjálf en Arnheiður hefur skrifað allmikið af námsefni fyrir MMS). Vefefni frá MMS er töluvert notað og reynist vel; *Skólablaðið*, *Æfum íslensku* og *Eldgrímur*. Vefurinn *Leikur að íslenskum orðum* er töluvert mikið notaður en bæta mætti við þemum og hafa mismunandi þyngdarstig. Að mati ráðgjafanna mætti huga að því að gefa einnig út þemaspil/minnisspil.

Ráðstefnan *Málörvun, læsi og fjöltyngi í fjölmenningslegum skólum* var haldin í Gerðubergi 14. apríl og þar hélt m.a. erindi Dr. Jim Cummins prófessor við Háskólann í Toronto. Í máli hans kom meðal annars fram að það tæki ísl2 nemendur 1–2 ár að ná daglegum orðaforða en 5–7 ár að ná tókum á akademískum orðaforða. Mikilvægt væri að í námsefni væri gert ráð fyrir ráðrúmi til að rita/útskýra hugtök á móðurmáli nemenda. Þá væri samstarf við foreldra mikilvægt í því sambandi. Nauðsynlegt væri að vinna með og tengja bæði tungumálin saman. Að mati Dr. Cummins er nauðsynlegt að gera móðurmáli barnsins hátt undir höfði og hvetja skóla til að hafa þau tungumál sem töluð eru í skólanum sýnileg, t.d. á veggjum. Hvetja ætti bókasöfn til að hafa hillur með barnabókum á mismunandi tungumálum. Í máli Cummins kom einnig fram mikilvægi þess að vinna lykilhugtök út frá námsefni/námsgreinum og útbúa orðalista.

Á fyrrgreindri ráðstefnu í Gerðubergi hélt einnig erindi dr. Sigríður Ólafsdóttir, sem á sæti í starfhópnum sem hér er til umfjöllunar, en doktorsritgerð hennar (2015) ber heitið *Þróun orðaforða og lesskilnings íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku*. Í máli Sigríðar kom fram að lítill orðaforði er ein af megin ástæðum þess að ísl2 nemendur dragast almennt aftur úr í námi. Hún dregur þá ályktun af niðurstöðum erlendra rannsókna en einnig af eigin rannsókn. Þátttakendur hennar voru ísl2 börn og jafnaldrar sem eiga íslensku að móðurmáli (ísl1), sem voru í 4.–8. bekk á rannsóknartímanum.

Niðurstöður leiddu í ljós að því stærri orðaforða sem ísl2 og ísl1 börnin höfðu í 4. bekk þeim mun hraðari voru framfarir þeirra í lesskilningi á rannsóknartímanum, sem leiddi til vaxandi munar á lesskilningi barnanna miðað við stærð orðaforða þeirra. Rannsóknin sýndi einnig að þeim mun færari sem ísl2 og ísl1 börnin voru í að setja fram hugmyndir sínar í ritun og færa rök fyrir þeim, því fleiri herra stigs orð notuðu þau. Ísl2 börnin sýndu lakari ritunarfærni en ísl1 jafnaldrar, þau höfðu einnig minni orðaforða í upphafi rannsóknar og munurinn á orðaforða hópanna jókst með hverju ári. Munur á milli ísl1 og ísl2 barnanna í lesskilningi var hins vegar stöðugur allt rannsóknartímabilið. Athyglisvert var að ísl2 börn sem voru með slaka lesfimi í 4. bekk náðu sér á strik í lesskilningi á rannsóknartímanum miðað við ísl2 börn með góða lesfimi í sama bekk en það átti ekki við ísl1 börnin sem voru í sömu sporum í 4. bekk. Af þessu er ljóst að það er umfram allt orðaforði sem veldur því að ísl2 börn ná að jafnaði litlum framförum í lesskilningi en síður lesfimi þeirra (tæknileg hlið lestrar). Niðurstöður Sigríðar eru því ekki samhljóma þeirri ályktun dr. Cummins að það taki tvítyngd börn að jafnaði 5–7 ár að ná herra stigs orðaforða, þar sem rannsókn Sigríðar stóð yfir í 5 ár og ísl2 börnin drógust sífellt aftur úr í orðaforða miðað við ísl1 jafnaldrar. Sigríður notaði þrjú íslensk orðaforðapróf sem öll sýndu þessar

niðurstöður með afgerandi hætti. Frekari upplýsingar um rannsókn hennar ásamt umfjöllun um erlendar sambærilegar rannsóknir er að finna í grein Sigríðar og félaga í sérriti Netlu um læsi (2016; http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/03_16_laesi.pdf).

Dr. Catherine Snow, prófessor við Harvard háskóla í Boston, bendir á að samræður barna við fullorðna séu mjög mikilvægar til þess að auka orðaforða og þekkingu og að lítill orðaforði sé ein af meginástæðum þess að tvítyngdum börnum hætti við að dragast aftur úr í lesskilningi og almennum námsárangri (C.Snow, glærur Sigríðar Ólafsdóttur).

Í ágúst var farið í heimsókn í Austurbæjarskóla og rætt við kennsluráðgjafa á ráðgjafarstöðinni Miðju máls og læsis: Dröfn Rafnsdóttur forstöðumann, Þóru Sæunni Úlfisdóttur, Ingibjörgu E. Jónsdóttur og Arnheiði Helgadóttur. Miðja máls og læsis tók til starfa í ágúst 2016 og veitir m.a. ráðgjöf varðandi mál og læsi tví- og fjöltyngdra barna. Kennsluráðgjafarnir töldu að það námsefni sem til er nýtist að öllu jöfnu mjög vel. Útbúa mætti sambærilegt efni við námsefnið *Hitt og þetta* en með léttari texta. *Kæra dagbók* væri mikið notuð og *Málfræðibókin mín* væri gott efni og mikið notað. *Málhljóðakassinn* væri töluvert notaður en myndir of fölar og lítt spennandi. Þá kom fram að það vanti léttlestrarefni fyrir mið- og unglíngastig, einnig lestrarbækur með akademískum orðaforða og byrjendaefni fyrir unglíngastig. Gott væri að hafa „stuðningsefni“ fyrir mið- og unglíngastig, þ.e. léttari útgáfu af kjarnanámsefni með e.t.v. viðbótarefni þar sem unnið er með lykilhugtök, n.k. orðabók efnisins. Eins kom fram að það vantar handbók fyrir kennara ísl2 nemenda og hugmyndabanka.

PISA, aðalnámskrá og skóli án aðgreiningar

Í skýrslu Menntamálastofnunar um niðurstöður Pisa 2015 (bls. 78) kemur fram að lesskilningur innflytjenda árið 2015 er mun lakari en í fyrri mælingum og munar allt að 71 stigi miðað við árið 2000 en það samsvarar afturför um rúmlega tvö skólaár. Auk þess kemur fram í skýrslunni að fjöldi nemenda sem tala annað tungumál en íslensku á heimili hefur þrefaldast síðastliðin 15 ár. Hins vegar er tekið fram í skýrslunni að aukning þessa nemendahóps í grunnskólum landsins skýri ekki stöðugt hrakandi lesskilning sem kemur fram hjá íslenskum grunnskólánemendum almennt.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013:43) segir að allir nemendur eigi rétt á að stunda nám við sitt hæfi og þess sé gætt að tækifærin ráðist ekki af því hvort nemandi er af íslensku bergi brotinn eða af erlendum uppruna. Í skóla án aðgreiningar á nám að vera á forsendum hvers einstaklings þar sem allir eiga að fá jafngild tækifæri

til náms. Skv. lögum um grunnskóla er sérfræðipjónusta við nemendur á ábyrgð sveitarfélaga í samvinnu við skólustjóra hvers skóla. Ísl2 nemendur eiga rétt á kennslu í faginu íslenska sem annað tungumál (2008 nr. 91, IV kafli, 16. gr.) en það er misjafnt á milli sveitarfélaga hvernig þessum málum er háttað.

Í Reykjavík hafa t.d. móttökudeildir verið lagðar niður í samræmi við *Aðalnámskrá grunnskóla* 2006 þar sem kveðið er á um að í skóla án aðgreiningar skuli öllum nemendum gert kleift að stunda nám í sínum heimaskóla.

Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nær-umhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.)

Stefnan frá 2006 virðist ekki hafa breyst:

Hver skóli skal móta sér áætlun um innritun og móttöku tvítyngdra barna og fjölmenningslega kennslu [...] Einnig er sveitarfélögum heimilt að skipuleggja sérstakt námsframboð við grunnskóla fyrir nemendur af erlendum uppruna.“ (*Aðalnámskrá grunnskóla*. Íslenska. 2007:22-23).

Eins og áður hefur komið fram er í Hafnarfirði starfrækt móttökudeild í Lækjarskóla sem þjónar öllum ísl2 nemendum í sveitarfélaginu. En skv. nýlegri skýrslu starfshóps á vegum Hafnarfjarðarkaupstaðar, *Skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar* (2016: 19–20), er lagt til að dregið verði úr starfsemi sérdeilda og stefnt að lokun þeirra og frá 1. janúar 2017 eigi móttökudeild Lækjarskóla ekki að taka við nýjum nemendum. Í skýrslunni er lögð áhersla á að það sé ábyrgð heima-skóla að sinna námi allra nemenda.

Mat á námefni sem ætlað er fyrir ísl2 nemendur

Kæra dagbók 1.–3. hefti

Mjög gott námsefni fyrir þá sem eru aðeins lengra komnir. Skemmtilega framsett, góður orðaforði og verkefni. Miðast við nemendur á miðstigi. Unnið með orðaforða á fjölbreyttan hátt en mætti vera meira um endurtekningar og verkefni í ritun. Sjálfsmat mætti vera í lok hvers kafla en ekki aftast í efninu. Góðar kennsluleiðbeiningar og ítarefni á vef. Hljóðefni nýtist mjög vel, bæði í einstaklingskennslu og hópum.

Hitt og þetta

Mjög góðar bækur fyrir unglíngastig. Skemmtilegur og áhugaverður texti sem er hæfilega langur, fjölbreytt verkefni. Hljóðefni fylgir.

Orðasjóður

Mjög gott efni fyrir byrjendur og aðeins lengra komna, mikið notað. Bæta mætti við þeim, erfiðari verkefnum og dýpka orðaforða.

Málfræðibókin mín 1.–3. hefti

Of hratt farið yfir efnið, verkefnin nægja ekki til að nemendur nái að tileinka sér málfræðiatríðin sem fjallað er um. Í bókunum þyrfti að vera samfelldur, merk-ingarbær texti þar sem málfræðiatríðin sem á að kenna kæmu fyrir og þeim síðan fylgt eftir með fjölbreytilegum verkefnum sem festu í minni það sem nemendur eiga að tileinka sér.

Lærum gott mál 1.–5. hefti

Fjölbreytt námsefni sem tengist lífi og áhugamálum ungmenna. Stuttir viðráðan-legir textar og málfræði og góð upprifjun aftast. Kennsluleiðbeiningar fylgja.

Stærðfræði í dagsins önn

Ágætt efni fyrir mið- og unglingastig í stærðfræði með öðru efni. Efnið er mynd-rænt og textinn stuttur sem hjálpar þeim sem eru að læra íslensku en dæmin sjálf eru oft of létt fyrir krakka sem hafa góðan stærðfræðigrunn.

Leikur að íslenskum orðum – vefur

Miðast við yngri nemendur og hentar síður nemendum á mið- og unglingastigi. Nýtist sem viðbótarefni í skóla sem og heima. Unnið er með einstök orð en gott væri að bæta við sagnorðum og vinna þá með stuttar setningar og ritun.

Skólablaðið – vefur

Gott efni með fjölbreyttum verkefnum er tengjast daglegu lífi. Hlustun og gagn-virk verkefni nýtast einnig vel.

Æfum íslensku – vefur

Ágætis efni fyrir mið- og unglingastig ætlað nemendum sem eru lengra komnir. Unnið er með lesskilning, orðaforða og málfræði, s.s. beygingar, kyn, föll, tölu o.fl. Þjálfun í hlustun, lestri og því að svara spurningum úr texta. Nemendur geta fengið orðskýringar á íslensku, ensku, pólsku og tælensku. Fínt efni sem nýst hefur vel en það mætti bæta við fleiri sögum og verkefnum.

Íslenski máhljóðakassinn

Nýtist vel þegar kenna á íslensku máhljóðin á markvissan hátt.

Mat á námsefni sem nýtist ísl2 nemendum

Lesrún 1 og 2

Gott námsefni sem miðar að því að þjálfa lesfimi og lesskilning. Skemmtileg og fjölbreytt verkefni en vantar endurtekningu í verkefnagerðum og merkingarhlöðnum hugtökum/orðum. Dvelja mætti lengur við umræðuefnið/verkefnagerðir í stað fjölbreytilegra textagerða, orðaforða og umfjöllunarefna.

Lestur og stafsetning

Ágætt námsefni til að æfa stafsetningu í stuttan tíma en efnið er einhæft og nemendum fer fljótt að leiðast.

Álfur – vefur

Mjög gott efni sem nýtist vel.

Ritum rétt – stafsetningaræfingar á vef

Ágætt fyrir eldri nemendur sem eru lengra komnir. Krefst þess að nemendur þekki til stafsetningarreglna og hafi málfræðigrunn.

Að skrifa rétt! – vefur

Ágætt efni að mörgu leyti sem vísar í ákveðnar lestrarbækur en frekar einhæfar æfingar til lengdar. Sögurnar höfða til nemenda á yngra og miðstigi en verkefni krefjast þess að nemendur séu góðir í fingrasetningu sem sjaldnast er raunin á þessum aldri.

Klukkan – vefur

Ágætt gagnvirkt efni fyrir yngstu nemendurna. Krökkum á miðstigi hefur þótt það of barnalegt í framsetningu þótt æfingarnar standi fyrir sínu.

Mat á erlendu námsefni

Norsk start 5–7 og 8–10, Cappelen Damm Noregi

Mjög fínar bækur fyrir byrjendur í norsku á mið- og unglingastigi. Bækurnar eru aðgengilegar, fallega uppsettar og myndskreytingar styðja við efnið. Unnið er með ýmsan þematengdan orðaforða úr daglegu lífi í textabók, vinnubók og málfræðibók, bækurnar styðja hver við aðra og það er góð samfella í efninu. Bækurnar eru vandaðar og því væntanlega nokkuð dýrar. Þær eru góðar grunnbækur en dýpka þarf hvern þematengdan kafla með meiri orðaforða. Væri hugmynd að gera þynnri þemahefti eða rafrænt efni með ríkari orðaforða sem styddi við slíka grunnbók. Einnig væri gott að hafa sjálfsmat og kaflapróf sem fylgdu eftir hvern kafla. Nauðsynlegt er að hljóðdiskur fylgi. Það vantar tilfinnanlega slíkar

grunnbækur í faginu íslenska sem annað mál fyrir öll stig grunnskólans. Að sjálf-sögðu þyrfti að staðfæra slíkt efni.

Fördel 1 og 2, Natur & Kultur Svíþjóð

Ágætis bækur sem henta vel á mið- og unglingastigi, vel upp settar og vinna með ýmsan þematengdan og námsgreinatengdan orðaforða. Um er að ræða grunnbækur þar sem dýpka þarf orðaforða með öðru efni. Miðað við að um grunnbók er að ræða eru sumir textar í bók 1 helst til langir.

Ta ordet 1 og 2, Cappelen Damm Noregi

Textabækur sem henta miðstigi vel. Tekinn er fyrir þematengdur orðaforði, málfræði og samfélagsfræðsla á skemmtilegan og fjölbreyttan hátt. Textarnir eru fjölbreyttir s.s. ýmis fróðleikur, ljóð, samtöl, myndasögur, ævintýri o.fl. Málfræði er fléttað inn í efnið sem og ýmsum þáttum sem varða málnotkun. Gert er ráð fyrir að nemendur fjalli um efnið út frá ákveðnum spurningum. Góður orðaforði og skemmtilega fjölbreytt blanda texta og æfinga. Aftast í bók 1 er myndaorðabók og aftast í bók 2 er myndaorðabók og orðalisti.

Geografi 8, Gyldendal Noregi

Mjög góð bók í landafræði þar sem búið er að aðlaga efni og texta þyngrri námsbókar. Slíkt efni vantar tilfinnanlega hér á landi í landafræði, náttúrufræði og samfélagsfræði á mið- og unglingastigi.

Intro, Gyldendal Noregi

Góð byrjendabók fyrir unglingastig, sérstaklega nemendur sem þurfa einfaldara námsefni. Stuttir og hnitmiðaðir textar og góðar æfingar sem fylgja. Gæti verið góð sem heimavinnubók með bókunum Fördel og Norsk start.

Vigtiga ord in no og so, Natur & Kultur Svíþjóð

Mjög góð orðabók í náttúrufræði og samfélagsfræði þar sem hugtök í þessum greinum eru skilgreind stuttlega og studd með myndum. Það gæti verið hentugra að hafa slíkt efni á rafrænu formi sem hægt er að bæta við og gefur nemendum einnig kost á að þýða á sitt eigið tungumál. Slíka orðabók væri mjög gott að hafa í ýmsum námsgreinum á íslensku.

Norsk Start, Cappelen Damm, Noregi

Bókin er skipulega sett upp og auðvelt að finna æfingar í vinnubók sem svarar textanum í kennslubókinni. Fallegar myndskreytingar og stórt letur. Kennslubókin er óþarflega þykk og þung, betra væri að hafa þynnri bækur, t.d. tvær í stað einnar. Orðaforði í kennslubók er takmarkaður og verkefni í vinnubók sum

of erfið. Þessar kennslubækur geta verið góð fyrirmynd en með breytingum varðandi kennsluefni, orðaforða og menningatengsl við Ísland. Ekki er mælt með þýðingu á þeim, frekar að semja nýtt efni sem tengist íslensku samfélagi og menningu Íslands.

Svenska som andraspråk, Skolverket Svíþjóð

Fyrir lengra komna, innihalda lesskilning og ritun. Kostur eru textar sem fjalla um alls konar viðburði í mannkynssögu og lífi unglunga. Í námsefninu eru einnig málfræði og stafsetningaræfingar.

Aðlagað efni: Geografia 7 og Geografia 9, Natur & Kultur Svíþjóð

Svona efni vantar hér á Íslandi! Hentar vel til þýðingar. Uppsetning góð!

Viktiga ord i matematik og viktiga ord i svenska, Natur & Kultur Svíþjóð

Góðar orðabækur sem henta vel fyrir nemendur í ísl2. Setningar eru stuttar og orðaforði ekki of flókinn.

Överblick, Liber

Gott efni til að þýða. Orðalistar og spurningar í lok kaflans eru kostur.

Niðurstöður

Tillögur starfshóps um námsefni fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku gera ráð fyrir því að brýnast sé að gefa út heildstætt frumsamið efni á byrjendastigi fyrir ísl2 nemendur á unglingastigi. Efnið ætti að vera þematengt og þyrfti að gefa góðan grunn fyrir hinar ýmsu námsgreinar. Unnið verði markvisst með orðaforða á fjölbreyttan hátt, lesskilning, málfræði, ritunarfærni og hlustun. Sjálfsmat ætti að fylgja hverjum kafla. Mikil áhersla þyrfti að vera á samræður, samskipti og félagsfærni (lífsleikni). Verkefni ættu jafnframt að fela í sér hvatningu til tvítyngdra barna um að tengja við móðurmál sitt.

Efninu mætti skipta í þrjú þyngdarstig: þrep 1 – algeng orð (sjá Beck McKeown og Kucan, 2002); þrep 2 – margræð, hærra stigs orð og orð sem sjást í ritmáli en heyrast sjaldan í tali; þrep 3 – sérhæfð orð námsgreina. Lagt er til að farið verði í léttari útgáfa kjarnanámsefnis á rafbókarformi fyrir nemendur á unglingastigi þar sem unnið verður með sérhæfð orð námsgreina. Verkefni með námsefni í hinum ýmsu námsgreinum þyrftu að fela í sér margvíslegar kröfur til nemenda:

- að nemendur fái tækifæri til að vinna með lykilorðaforða á fjölbreytilegan hátt
- að þeir beiti ólíkum lesskilningsaðferðum, t.d. eins og PISA-verkefni útheimta

- að þeir þjálfu reglulega og stöðugt tjáningarfærni sína bæði í tali og ritun
- þjálfun í ritun þarf að ná yfir tvær megingerðir texta: söguuppbyggingu og fræðilega umfjöllun og þurfa nemendur að fá þjálfun í ólíkri uppbyggingu þeirra.

Gott væri ef hugtakalisti/orðalisti með lykilorðum í námsefninu myndi fylgja öllu útgefnu kjarnaefni hjá Menntamálastofnun. Einnig er mælt með að gefnar verði út léttlestrarbækur á byrjendastigi sem höfða til unglunga, hugsanlega í tengslum við fyrrgreint kjarnaefni.

Í kjölfar breytts skólasamfélags, skóla án aðgreiningar og aukinnar áherslu á að ísl2 nemendur stundi nám í heimaskóla, er lagt til að gefin verði út handbók fyrir kennara sem taka á móti þessum nemendum í almennum bekk. Bókin yrði stuðningur fyrir umsjónarkennara á yngsta, mið- og unglingastigi varðandi uppbyggingu náms ísl2 nemenda, félagsleg tengsl og foreldrasamstarf.

Á næstu misserum þyrfti að einnig að huga að byrjendaefni fyrir ísl2 nemendur á yngsta stigi en eins og áður hefur komið fram er það mat starfshópsins að mest aðkallandi sé að gefa út námsefni fyrir unglingastigið ásamt handbók fyrir kennara.